

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.

Nesflói 2.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 22. nóvember 2022 breytingu á deiliskipulagi Flóahverfis. Breytingin felst m.a. í sameiningu lóðanna Lækjarflóa 5 og 7 og Nesflóa 2 í eina lóð undir heitinu Nesflói 2.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Nesflói 1.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 22. nóvember 2022 breytingu á deiliskipulagi Flóahverfis. Breytingin felst m.a. í sameiningu lóðanna Lækjarflóa 9 og Nesflóa 1 í eina lóð undir heitinu Nesflói 1. Byggingarreitir eru sameinaðir og nýtingarhlutfallið hækkað úr 0,35 í 0,4.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Kirkjubraut 1.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 22. nóvember 2022 breytingu á deiliskipulagi Akratorgsreits vegna Kirkjubrautar 1. Breytingin felst m.a. í breytingu á byggingarreit og að koma fyrir bílastæðum á lóð.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Akranesi, 23. nóvember 2022.

Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 25. nóvember 2022